

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 29. desember 2021
Mnr. 2016090021



ÍSAFJÖRÐARBÆR

Minnisblað, dags. 29. des. 2021

Arngrímur Sverrisson f.h. Terra ehf., óskaði eftir framlengingu á núverandi sorpsamning, sem rennur út 31. desember 2021. Í sorpsamning eru framlengingar ákvæði sbr. töluliður samnings nr. 0.1.4.. Framlenging á núverandi samning getur framlengst um fjögur ár þ.e. tvisvar sinnum tvö ár í senn ef báðir aðilar samþykkja það skriflega.

1. Janúar 2023 taka í gildi breytingar á lögum um hollustuvernd og heilsuhætti og hafa núverandi gögn þ.e. verksamningur og útboðsgögn verið rýnd með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum. Breytingar á lögnum taka gildi 1. janúar 2023 og þá á miðju tveggja ára framlengingartímabili verksamningsins sem heimil er samkvæmt upphaflegum útboðsgögnum. Sjá hjálagt minnisblað ráðgjafa dags. 16. nóvember sl.

Nýtt útboð getur tekið þrjá mánuði miðað við óbreyttar forsendur þ.e.a.s að áherslubreytingar og fyrirkomulag sorphirðu sé með þeim hætti sem nú er. Að gögnin séu uppfærð miðað við núverandi forsendur þ.e magnskrá og kostnaðaráætlun. Hinsvegar ef áform séu um verulegar breytingar á því fyrirkomulagi sem er núna má áætla lengri tíma í vinnslu gagna.

Forsaga

Þriðjudaginn 7. nóvember 2017 voru opnuð tilboð í útboð sorps, um var að ræða tilboð í bæði sorphirðu og förgun. Kostnaðaráætlun var **473.807.200,- kr.**, bæjarstjórn samþykkti á fundi nr. 408 að ganga til samninga við lægstbjóðanda og verksamningur undirritaður 8. desember 2017.

Eftir yfirferð tilboða var niðurstaða þeirra eftirfarandi.

Bjóðandi	Tilboð	Hlutfall %
Kubbur ehf.	411.376.536,- kr	86,8%
Kubbur ehf. frávíkstilb.	354.995.320,- kr	74,9%
G.V., nú Terra	358.301.352,- kr	75,6%
G.V., nú Terra frávíkstilb.	322.496.552,- kr	68%

Frávíkstilboðin fólu í sér að ekki yrði unnið að söfnun lífræns úrgangs og moltugerð

GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

Greiðslur samkvæmt samningi verðbætast í hlutfalli við breytingar á kostnaði á meginþáttum í verkefninu. Reiknuð verður sérstök vísitala fyrir verkefnið og er grundvöllur fyrir breytingum

á henni, breyting á vísitölum, heildarvísitölum eða undirvísitölum útgefnum af Hagstofu Íslands fyrir hvern mánuð, í ákveðnum hlutföllum samkvæmt eftirfarandi skiptingu:

- Laun Launavísitala 50%
- Akstur 072 Rekstur ökutækja 50%

Grunnvísitala samnings eru gildandi vísitölur útgefna af Hagstofu Íslands skv. ofanskráðu á opnunardegi tilboðs.

Þróun launa- og akstursvísitölu.

Launavísitala í desember 2017 var 632,8 stig, í desember 2021 stendur hún í 805,9 stigum sem er hækkun um 27,3 % frá upphafi samnings. Jafnframt hafa verið hækkunar á akstursvísitölu miðað við upphafsstöðu í desember 2017

Akstursvísitala 072 í desember 2017 var 135,9 stig, í desember 2021 stendur akstursvísitalan í 158,9 stigum, sem er hækkun um 16,9 % frá upphafi samnings.

Meðaltalshækkun aksturs- og launavísitölu á tímabilinu er miðað við skiptingu í útboðsgögnum þ.e. 50% akstursvísitala og 50% launavísitala er 22,1 %

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur_visitolur_1_vnv_2_undirvisitolur/VIS01304.px/table/tableViewLayout1/?rxid=0da32ca6-6cce-48bc-bb44-f57637267ba0

Núvirði tilboða m.v. 22,1 % hækkun

Bjóðandi	Tilboð	Núvirt
Kubbur ehf.	411.376.536,- kr	502.290.750,- kr.
Kubbur ehf. frávíkstilb.	354.995.320,- kr	433.449.286,- kr.
G.V., nú Terra	358.301.352,- kr	437.485.951,- kr.
G.V., nú Terra frávíkstilb.	322.496.552,- kr	393.768.253,-kr.

Lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til framlengingar á sorpsamning.